

Samþykkt bæjarstjórnarfundar, 11. desember 2008, um aðgerðir bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar á árinu 2009 í tengslum við fjárhagsáætlun þess árs:

1. Laun bæjarfulltrúa lækka tímabundið á árinu 2009 um 10%. Leitað verður samkomulags við helstu yfirmenn stofnana Grundarfjarðarbæjar um frystingu launa. Þetta á við um starfsmenn sem eru með ráðningarkjör utan lágmarksákvæða kjarasamninga Launanevndar sveitarfélaga og viðsemjenda hennar.
2. Yfirvinna í stofnunum og á starfsstöðum Grundarfjarðarbæjar skal almennt vera í lágmarki og er forstöðumönnum stofnana falið að haga starfsemi þeirra svo að þörf fyrir yfirvinnu starfsmanna verði sem minnst. Ekki skal ráðið í stöður nema að fenginni heimild frá bæjarráði.
3. Opnunartíma Leikskólans Sólvalla verður breytt frá og með 1. janúar 2009 og verður frá kl. 7.45 til 16.15. Vistunarmöguleikar verða takmarkaðir við 4 klst. 08.00 - 12.00, 6 klst. 08.00 - 14.00 og 8 klst. 08.00 - 16.00. Gjöld vegna barna á aldrinum 12 mánaða til 24 mánaða hækka frá og með 1. ágúst 2009 um 50%.
4. Vinnufundir starfsmanna leikskólans verða haldnir í reglulegum vinnutíma starfsmanna eftir hádegi á föstudögum og verður leikskólinn lokaður á þeim tíma. Fundir verði ekki fleiri en sex yfir skólaárið. Leikskólastjóra er falið í samráði við bæjarstjóra að haga dagvinnutíma starfsmanna þannig að vinnufundir rúmist innan hans.
5. Leikskólinn Sólvellir verður lokaður í sex vikur sumarið 2009 og skulu starfsmenn hefja og ljúka orlofstöku á þeim tíma. Leikskólastjóra er falið að ákveða tímabil lokunar sem fellur best að starfsemi leikskólans.
6. Gjöld í Tónlistarskóla Grundarfjarðar fyrir nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri hækka um 15% frá og með 1. janúar 2009. Gjöld vegna fullorðinna nemenda hækka um 25% frá og með 1. janúar 2009.
7. Forfallakennsla í Grunnskóla Grundarfjarðar verði takmörkuð við kennslu fimm yngstu árganga skólans.
8. Opnunartími Bókasafns Grundarfjarðar að vetrarlagi breytist frá og með 1. janúar 2009 og verður frá kl. 15.00 til 18.00 mánudaga til fimmtudaga. Lokað verður föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Að sumarlagi verður óbreyttur opnunartími.
9. Slökkvilið Grundarfjarðar verður rekið með óbreyttum hætti en þó skal takmarka æfingatíðni við lögbundið lágmark.
10. Athugað verður hvort hagkvæmt sé að bjóða út slátt opinna (grænna) svæða í þéttbýlinu á árinu 2009.
11. Gjaldskrá fyrir afnot af Samkomuhúsi Grundarfjarðar verður tekin til endurskoðunar og leitast verður við að hún endurspegli sem næst raunkostnað við notkun hússins.
12. Kyndingarkostnaður bygginga í eigu Grundarfjarðarbæjar hefur verið tekinn til skoðunar og leitast verður við að lágmarka kostnað.
13. Rekstur tjaldsvæðis Grundarfjarðarbæjar verður boðinn út fyrir sumarið 2009.
14. Athugað verður hvort unnt sé að minnka kostnað vegna götulýsingar.
15. Fundum í nefndum og ráðum verður haldið í lágmarki og skoðað verður hvort unnt sé að fækka fulltrúum.

16. Styrkur til Dvalarheimilisins Fellaskjóls fyrir árið 2009 verður greiddur í tvennu lagi á árunum 2009 og 2010, helmingur hvort ár.
17. Opnunartími sundlaugar verður takmarkaður frá því sem verið hefur undanfarin ár. Bæjarstjóra er falið að gera tillögu um opnunartíma vorið og sumarið 2009 í samráði við forstöðumann sundlaugarinnar og skólastjóra grunnskólans.
18. Athugað verður hvort unnt sé að nýta tíma íþróttahússins betur.
19. Kannaðir verða möguleikar á auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög í hagræðingarskyni.
20. Þrýst verður á ríkisvaldið um að það standi betur að rekstri og skuldbindingum vegna Fjölbrautaskóla Snæfellinga en verið hefur.